


SÍMAR  
**iR** 28810  
 car rental 24460  
**bilaleigan**  
**GEYSIR**  
 BORGARTÚNI 24

**LOFTLEIDIR**  
 CAR RENTAL **BÍLALEIGA**  
 ☎ 2 1190 2 1188

**BÍLALEIGAN**  
**VALUR**  
 ☎ 22-0-22  
**RAUDARÁRSTÍG 31**

**FERDABÍLAR hf.**  
 Bílaleiga, sími 81260.  
 Fólksbílur, stationbílur, sendibílur,  
 hóperfabílar og jeppar.

Þykkar  
 sokkabuxur  
 6 litir  
 Verzlunin  
**Stella**  
 Bankastræti 3.



ÞÚ AUGLÝSIR UM  
 ALLT LAND ÞEGAR  
 ÞÚ AUGLÝSIR Í  
 MORGUNBLAÐINU




Frá sýningunni

# Haustsýning FÍM

I vestursalnum á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir hin hefðbundna Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna. Þessi sýning er án nokkurs efa elsti og hefðbundnasti listviðburður ársins. Ekki veit ég fyrir vissu, hve lengi þetta fyrirtæki hefur verið í gangi, en ég held, að það hafi verið allt frá því er gamli Listamannaskálinn við Kirkjustræti var byggður, og má vel vera, að þessi sýning hafi litið dagsins ljós áður, en með það þori ég ekki að fara. Samt man mín kynslóð eftir sýningum í Garðyrkjuskálanum við Garðastræti, sem var fyrirrennari skálanum við Kirkjustræti. Um tíma var þessi sýning á hrakhólum, en svo komu Kjarvalsstaðir, og þar hefur hún verið til húsa seinustu árin. Það er því löng og mikil saga að baki þessari sýningu, en í upphafi mun hún að nokkru hafa verið sniðin eftir fyrirmyndum bæði frá Kaupmannahöfn og Osló.

Þessi sýning hefur miklu hlutverki að gegna í íslensku myndlistarlífi, og eru þeir ótaldir listamennirnir, sem fyrst hafa komið fyrir almenningssjónir á þessari sýningu, og auðvitað hefur það æxlast þannig til, að sumir hafa orðið mætir myndlistarmenn en aðrir dottið upp fyrir, eins og gengur og gerist á öllum sviðum þjóðlífsins. Það má með sanni segja, að alltaf hafi eitt-hvað eftirtektarvert komið fram á þessari sýningu, en hinu verður heldur ekki neitað, að oft hefur Haustsýning verið misjöfn að gæðum, og getur þar margt komið til. Eg nefndi hér áðan, að hliðstæður sýningar væru í Kaupmannahöfn og Osló. Sumar þessar sýningar hef ég séð og lesið um aðrar. Þrátt fyrir mannfæð okkar held ég, að Haustsýning í Reykjavík sé á stundum ekkert ómerkara fyrirbæri en stóllur hennar í nágrenninu, og ef það er rétt hjá mér, þá megum við sannarlega vel við uná og jafnvel vera svolítið montnir.

Mér virðist sem, margar sýningar af þessu tagi hafi verið veigameiri og haft betri verkum á að skipa, en sú sýning sem nú hangir á Kjarvalsstöðum. Þessi Haustsýning er nokkuð ósamstæð, og því miður vantar þátttöku margra af okkar bestu listamönnum. Sýningin er opin öllum þeim, er senda vilja verk sín undir dóm sýningarnefndar, hvort heldur þeir eru félagar í FÍM eða ekki. Síðan er það innsenda flokkað eftir geðþótta



Skúlpúr eftir Guðmund Benediktsson

## Myndlist

eftir **VALTÝR PÉTURSSON**

sýningarnefndar og reynt að koma sem bestu gæðamati að við val verka í hvert sinn. Auðvitað getur brugðið til beggja vona með niðurstöður svo fjölmennrar nefndar, og það fer ekki framhjá neinum, að svo vill verða hverju sinni. Nefndin er skipuð átta listamönnum, og er Eiríkur Smith formaður hennar að þessu sinni. Það eru rúmlega fjörutíu sýnendur á þessari Haustsýningu, og er það ótrúleg tala, þegar þess er gætt, að mikið hefur verið um sýningar að undanförunu, og ótrúlega margar sýningar hafa verið í gangi á sama tíma í ekki stærri borg en Reykjavík er. Það er því ekkert einkennilegt, þótt fram hafi komið sú skoðun að undanförunu, að markaður fyrir listsýningar væri algerlega mettaður að sinni. Samt er ekkert lát á þeirri elfu, sem fram streymir, og ýmislegt mun á næstu grósum.

Guðmundur Benediktsson myndhöggvari er sérstakur heiðursgestur Haustsýningarinnar að þessu sinni og stendur sig þrýðilega. Hann hefur unnið að list sinni með einstakri natni og náð ágætum árangri í bæði tré og járn. Nú er það eir,

sem heillar hann, og ef til vill hefur honum ekki tekist betur en einmitt nú. Nefni ég því til sönnunar nr. 44, 47, 49, og 40. Þarna er Guðmundur að höndla ný viðfangsefni, sem ekki eru gripin úr lausu lofti, og það er persónulegur blær yfir þessum verkum, sem gefur þeim sérstakt gildi.

Af yngra fólkinu var það Asgeir Lárusson, sem vakti mesta eftirtekt mína með vatnslitamyndum sínum. Þar virðist mikill hæfileikamaður á ferð, sem hefur sérstaklega næma tilfinningu fyrir litnum í verkum sínum. Björg Þorsteinsdóttir kom mér nokkuð á óvart með vel unnum verkum sínum, en ekki er hægt að segja að hún sé sérlega frumleg að sinni. Einar Hákonarson á þarna tvö verk, og finnst mér hann heldur þússa Björn Th. En bæði þessi verk standa vel á þessari sýningu. Hringur Jóhannesson er nokkuð áberandi, en betri verk hef ég séð eftir hann. Einar Þorláksson er léttari og leiknari í þessum verkum, sem hann nú sýnir, en áður var. Bragi Hannesson á þarna eina mynd, nr. 26, sem mér finnst bera af öðrum verkum hans. Móðir nótt, eftir Guðberg Auðunsson er framþælt verk. Gunnlaugur St. Gíslason stundar enn mjög líka myndgerð og hann sýndi á einkasýningu sinni í Norræna húsinu fyrir nokkru. Hörður Ágústsson kemur ekki sérlega sterkur út á þessari sýningu. Verk hans eru að vísu viðkvæm en það er allt. Hafsteinn Aust-

mann virðist í góðri framför. Elías B. Halldórsson sýnir tvær pastellmyndir, sem eru nokkuð frábrugðnar því, er hann sýndi síðast. Anton Einarsson er einn af yngri mönnum, sem stendur sig vel með blandaða tækni. Ágúst Petersen sýnir þrjár andlitsmyndir, og Gunnar Bergmann virðist mér sterkust, en allar eru þessar myndir sérkennilegar, eins og allt er frá þessum listamanni kemur. Asgerður Búadóttir sýnir ágæt teppi, nr. 12 fannst mér bera af. Helgi Gíslason sýnir lágmyndir í steinsteypu og hefur verið komið fyrir á óþússuðum vegg í gangi, veggirnir gleypa þessi verk og því ekki gott að gera sér grein fyrir þeim. Hallsteinn Sigurðsson er sjálfum sér líkur, en verk hans nr. 63 sýnir, að hann er að endurnýja verkefnaval sitt. Leifur Breiðfjörð á þarna skemmtilega hluti, unna í gler. Omar Skúlason olli mér nokkrum vonbrigðum. Sama er að segja um hina stóru rúðu Ragnars Kjartanssonar, það er fyrst og fremst efnið, sem ég kunnir ekki við. Jón Reykdal virðist hneigjast meir og meir að sjálfu landslaginu í verkum sínum, en þau eru lagleg, en vantar styrkleika. Ragnheiður Jónsdóttir Ream er mjög sjálfri sér lík í tveim olíumálverkum, sem standa sig með þrýði. Sveinn Björnsson er með bláa fugla og minnir um margt á Karl Henning í expressionisma sínum. Sævar Daníelsson er ansi nálægt kennara sínum í noturlögum verkum. Valgerður Bergsdóttir sýnir dúkristur, sem sanna hæfileika hennar. Vilhjálmur Bergson hefur litið breytt um stefnu. Þórður Hall á þarna sáldþrykk í sérflokki. Órlygur er bestur í mynd sinni A skáldabekk. Örn Þorsteinsson breytir litið til og er dálítið hrár í litnum.

Það mætti vissulega margt annað upp telja hér, en ég læt þetta nægja :ð sinni. Það er sjálfsagt ýmislegt, sem ég hef ekki gert þau skil, sem æskileg eru, en tilveran er nú einu sinni svo, að eftir því sem skrifad mál er styttra á atómöld, eru meiri líkur á að það sé lesið. Og eitt er víst, að ef erlend skrif eru borin saman við þá langloku, sem kokkuð er fyrir íslenska lesendur, þá kemur í ljós, að umsagnir hérlendis eru þeir langhundur, sem enga eiga sér líka í heimsbyggðinni. Því læt ég þetta nægja. Þetta er snotur Haustsýning, en heldur ekki meir.

Valtýr Pétursson.

## Útvarp Reykjavík

VEÐURFREGNUM verður útvarpað frá Veðurstofunni kl. 01.00, 07.00, 08.15, 10.10, 12.25, 16.15, 18.55 og 22.15 verkfallsdagana. Á sömu tímum verður útvarpað tilkynningum frá tilkynningaskyldunni, lögreglu,

vitamálastjóra, almannavörnum, Slysavarnafélagi Íslands björgunarsveitum, svo og nauðsynlegar tilkynningar stjórnvalda varðandi öryggisvörslu og heilsugæslu.